

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/493*  
*komudagur 12.12.2001*

Gnúpverjahreppi 8. desember 2001

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Áhugahópur um verndun Þjórsárvera fagnar því að að tillaga um stækkun friðlands í Þjórsárverum sé komin til umræðu á Alþingi. Við styðjum þá tillögu heilshugar og tókum undir að friðlandsmörkin verði stækkuð til suðurs að Sultartangalóni þannig að Þjórsá verði friðuð frá upptökum í Hofsjökli og að Sultartangalóni.

Greinargerð með tillögunni er vel unnin og gefur glögga mynd af stöðu mála.

Hjálagt eru:

- ályktanir almennra hreppsfunda í Gnúpverjahreppi 17. mars 1972 og 24. maí 2001,
- niðurstöður undirskrifasöfnunar í Gnúpverjahreppi 25.-27. júní 2001,
- tillaga og greinargerð Áhugahóps um verndun Þjórsárvera um stækkun friðlandsins og nánari lýsing á því svæði sem um ræðir.

F.h. Áhugahóps um verndun Þjórsárvera,

  
Sigprúður Jónsdóttir

  
Svanborg R. Jónsdóttir

## *Fundarsamþykkt frá 1972*

*"Fjölmenmur sveitarfundur haldinn að tilhlutan landgræðslunefndar Ungmennafélags Gnúpverja í félagsheimilinu Árnesi 17. marz 1972 lýsir yfir eindreginni andstöðu við rafvæðingaráætlanir, þar sem gert er ráð fyrir myndun uppistöðulóns í Þjórsárverum. Fundurinn vekur athygli á nokkrum mikilvægum atriðum varðandi Þjórsárver:*

- a) Þjórsárver eru geysistór og einstæð vin á miðhálandi Íslands. Þau eru umlukin auðnum á alla vegu og eiga ekki sinn líka hvað varðar fjölbreytilegan gróður og fuglalíf.*
- b) Gróðureyðing í aldaradír er alvarlegasta vandamál náttúruverndar á Íslandi. - Verði Þjórsárver sett undir vatn, er gróðri og gróðurfari landsins unnið óbætanlegt tjón. Auk þess eru miklar líkur á því að mismunandi hæð yfirborðs vatnsins í fyrirhuguðu lóni í Þjórsárverum orsaki uppblástur.*
- c) Þjórsárver eru verðmætt beitiland.*
- d) Talið er að 3/4 hlutar alls heiðagæsastofnsins í heiminum verpi í Þjórsárverum. Margar fuglategundir í heiminum eiga nú á hættu að verða útrýmt. Röskun í Þjórsárverum stofnar varplöndum heiðagæsarinnar í hættu,*

*Af ofangreindum ástæðum andmælir fundurinn hverskonar röskun á náttúru Þjórsárvera og skorar á almenning í landinu að sameinast um að varðveita þessa einstæðu perlu íslenskra öræfa."*

## **Ályktun almenns sveitarfundar Gnúpverja haldinn í Árnosi 24. maí 2001.**

Almennur fundur haldinn í Árnosi 24. maí 2001, lýsir eindreginni andstöðu við Norðlingaölduveitu og aðrar fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Þjórsárverum og efri hluta Þjórsár.

Þjórsárver og efri hluta Þjórsár ber að vernda sem einstætt vistkerfi og landslagsheild og minnt skal á að framkvæmdir á þessu svæði verða ekki aftur teknar.

Fundurinn bendir á margþættar rannsóknir færustu vísindamanna sem sanna sérstöðu svæðisins í íslenskri náttúru, þar sem þeir vara við allri röskun af manna völdum, enda er svæðið þekkt víða um heim og stór hluti þess friðlýst.

Fundurinn vekur athygli á því að nú þegar er hefur orðið veruleg röskun á vatnafari Þjórsár með 1.-5. áfanga Kvíslaveitu.

Fundurinn minnir á ályktun fundar í Árnosi 17. mars 1972 og ítrekar fyrri mótmæli þar.

## **Greinargerð með ályktun um verndun Þjórsárvera.**

- Þjórsárver eru langstærsta, fjölbreyttasta og gróskumesta gróðurvin hálandisins, auðug af fugla- og dýralífi.
- Sýnt hefur verið fram á að Þjórsárver eru einstætt vistkerfi á heimsvísu og eitt helsta varpland heiðagæsar í heiminum. Þjórsárver eru friðlýst svæði og þau eru alþjóðlegt verndarsvæði samkvæmt Ramsarsáttmálanum um verndun votlendis.
- Lón í Þjórsárverum orsakar öldurof og strandmyndun í vel grónu landi við Þjórsá og í kjölfarið hæfist uppblástur sem mjög erfitt yrði að stöðva og hefði víðtæk áhrif á gróður á stóru svæði.
- Líta ber á Þjórsárverasvæðið sem eina heild utan sem innan markaðs friðlands vegna hins einstæða náttúrufars. Aðgerðir utan friðlands hafa keðjuverkandi áhrif innan friðlandsins.
- Vatnsmagn Þjórsár hefur stórminnkað með 1.-5. áfanga Kvíslaveitu og frekari miðlun spillir hinum einstæðu fossum, Kjálkaversfossi, Dynk og Gljúfurleitarfossi.
- Norðlingaölduveita stangast á við áform um sérstakt náttúruverndarsvæði með Þjórsá, sem gert er ráð fyrir í Svæðisskipulagi Miðhálandis og rýrir mikilvægi svæðisins sem útivistar- og ferðamannasvæði.
- Í friðlýsingarskilmálum Þjórsárvera frá 1987 er heimild veitt til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 metra hæð yfir sjávarmáli, enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati Náttúruverndarráðs (nú Náttúruvernd ríkisins). Með áföngum Kvíslaveitu 1.-5. sem samið var um í sömu skilmálum er hinum ásættanlegu mörkum náð enda ber skilyrðislaust að líta á umrætt svæði sem eina heild. Allar frekari framkvæmdir hafa í för með sér svo mikla röskun að óverjandi er.

## Undirskriftir í Gnúpverjahreppi til verndunar Þjórsárvera

Áhugahópur um verndun Þjórsárvera stóð fyrir undirskriftasöfnun í Gnúpverjahreppi 23.-25. júní 2001, þar sem skorað er á stjórnvöld að tryggja til frambúðar verndun Þjórsárvera og heimila engar frekari virkjunarframkvæmdir þar og í efri hluta Þjórsár. Enn fremur er minnt á fyrri samþykktir Gnúpverja um þessi mál.

73% atkvæðisbærra Gnúpverja undirrituðu áskorunina sem var svohljóðandi:

*„Við undirritaðir Gnúpverjar skorum á íslensk stjórnvöld að tryggja til frambúðar verndun Þjórsárvera og heimila engar frekari virkjunarframkvæmdir þar og í efri hluta Þjórsár. Enn fremur minnum við á fyrri samþykktir Gnúpverja um þessi mál.“*

Kosningarrétt til sveitarstjórnar í Gnúpverjahreppi höfðu þá 189.  
139 Gnúpverjar undirrituðu áskorunina, þar af 2 með erlent ríkisfang.

Þriðjudaginn 26. júní var eftirtöldum afhentir undirskriftarlistarnir:

Siv Friðleifsdóttur, umhverfisráðherra,  
Valgerði Sverrisdóttur, iðnaðarráðherra  
Kartínu Fjelsted, alþingsmanni fyrir hönd Umhverfisnefndar Alþingis

Fimmtudaginn 28. júní 2001 var sveitarstjórn Gnúpverjahrepps afhentir sömu undirskriftalistar.

Árnesi 8. júlí 2001

**Náttúruvernd ríkisins**  
**Árni Bragason forstjóri**

**Efni: Stækkun friðlands í Þjórsárverum.**

Undirritaðir fara þess á leit við Náttúruvernd ríkisins að friðland í Þjórsárverum verði stækkað og mörk þess dregin þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna.

Einnig að unnið verði að friðlýsingu Þjórsár frá mörkum friðlands í Þjórsárverum allt að Sultartangalóni og nærliggjandi svæði sem markverðust þykja.

**Greinargerð:**

Umtalsvert gróðurlendi er utan núverandi marka sem líta verður á sem hluta af heildarsvæðinu og myndar, ásamt verunum og jökulkvíslunum, einstakt vistkerfi. Má þar helst nefna svæðið austan Arnarfells og niður með vestustu kvísl Þjórsár, svæðið sunnan og suðaustan Sóleyjarhöfða suður fyrir Svartá, Eyvafen og drög þess til norðvesturs og Hnífárbotna.

Í Þjórsá eru fossarnir Kjálkaversfoss (Hvanngiljafoss), Dynkur og Gljúfurleitarfoss, hver um sig sérstakir og áhugaverðir og ekki síður sem röð í stórfenglegu landslagi með aðliggjandi svæði í Búðarhálsi að austan og Norðurleit og Gljúfurleit að vestan þar sem er að finna fjölbreytt og gróskumikið gróðurfar, fuglalíf og lindasvæði.

Friðlýsing eins og hér er lagt til stuðlar að mun víðtækari og markvissari verndun en nú er á þeirri sérstöku landslagsheild sem svæðið er.

*F. lönd áhugavert í Guisprajakreppu  
um verndun Þjórsárra,*

*Sigríður Jónsdóttir  
Blauberg Jónsdóttir*

## Stækkun friðlands í Þjórsárverum

Hér er lýsing á mörkum þess svæðis sem við óskum eftir að verði skoðað með stækkun friðlands í Þjórsárverum í huga. Það svæði nær reyndar langt út fyrir sjálf Þjórsárverin.

Byrjað er í sama hæðarpunkti og núverandi friðlandslína, í Hofsjökli (1250m) og í austur upp fyrir Háumýrar, austur fyrir Þjórsá og niður um Kvíslavötn, suður fyrir Stóraver (nú Stóraversvatn) og þaðan í há- Búðarháls og fram í Sultartangalón.

Að vestan úr sama punkti í Hofsjökli vestur í hæðarpunkt norðan Eiríkagnípu (stundum Eiríksgnípa sem er ekki rétt nafn), þannig að Blautukvíslargljúfur séu innan friðlandslínu. Þaðan í hábungu Norðlingaöldu og fram á Flóamannaöldu, síðan í Innri-Hnappöldu og Fremri-Hnappöldu og þaðan innst í Sultartangalón.

Þetta er það svæði sem við óskum eftir að verði skoðað. Svæðin utan friðlandsins hafa lítið verið skoðuð náttúrufarslega hingað til, en full ástæða er til að meta þau ásamt friðlandinu í heild á eigin forsendum og út frá fleiri gildum en til orkuöflunar, svo sem til náttúruverndar, útivistar og ferðamennsku.

## Ástæður stækkunar friðlandsins.

1. Mörk friðlandsins eru ekki eðlileg né náttúruleg. Friðlandinu er þröngur stakkur sniðinn og knappur. Ekki er hægt að klippa út þau svæði sem eru sérstæðust og skeyta ekki um það sem er í kring. Einnig er ljóst að aðgerðir utan friðlands hafa líka áhrif innan þess.
2. Þjórsárver eru umkringd gróðursnauðum söndum og jölki, sem gera þau að einstakri vin á hálendinu. Aðkoman að verunum er seiðandi og andstæður miklar. (Lón við Norðlingaöldu myndi loka hefðbundinni aðkomu að Þjórsárverum)
3. Helstu svæði á Gnúpverjaafrétti, frá Þjórsárverum að Sultartangalóni með tilliti til náttúru- og minjaverndar:
  - a. Norðurleit:
    - i. Rústasvæði eru í Kjálkaveri og víðar
    - ii. Lindasvæði (Miklilækur, Bjarnalækir)
    - iii. Votlendi (Loðnaver)
    - iv. Fossar
    - v. Gæsaréttir
  - b. Gljúfurleit:
    - i. Þverár og fossar, háir slæðufossar, tangar
    - ii. Áhugavert gróðurfur og landslag
    - iii. Veðurfur
4. Annað
  - a. Fossarnir 3 í Þjórsá (Kjálkaversfoss/Hvanngiljafoss, Dynkur, Gljúfurleitarfoss), ólíkir og hver um sig sérstakur
  - b. Samspil Þjórsár og þveránna
  - c. Hlaupið í Dalsá
  - d. Vörðurnar eftir gömlu þjóðleiðinni norður
  - e. Vaxandi áhugi fólks á að njóta þessarar náttúru og svæðið gefur marga möguleika til útivistar og náttúruskoðunar.



### **Nánari lýsing svæðisins:**

Það er augljóst að þegar friðlandsmörkin voru ákveðin árið 1981, voru náttúruverndarsjónarmið ekki alfarið látin ráða ferðinni, og urðu þau því full knöpp. Útlínur friðlandsins fara ekki eftir neinum náttúrulegum línunum, heldur eru dregnar eftir reglustriku milli hæðarlína og eru ekki öll Þjórsárver innan friðlandsins, sem er óeðlilegt. T.d. eru Háumýrar, sem líta má á sem austasta og innsta gróðurlendi Þjórsárvera ekki innan friðlands og heldur ekki gróskumikið gróðurlendi sunnan Svartár. Að auki er ekki allt gróðurlendi veranna vestan Þjórsár í friðlandinu.

Ekki er rétt að líta á friðlandið sem aðskildan hluta þessa landssvæðis, heldur er það óaðskiljanlegur hluti af stærrri heild. Þjórsárver eru landfræðilega, vistfræðilega, vatnafarslega og landslagslega ein heild.

Rík tilhneiging hefur verið til að klippa friðlandið út úr þessu samhengi og lágmarka mikilvægi svæðisins í heild sinni.

Rétt sunnan Þjórsárvera er Eyvafen, sem er merkilegt gróðurfarslega séð og þar er mikil gróðurframvinda í gangi.

Svæðið frá Kisu að Dalsá heitir Norðurleit. Í Norðurleit eru eru mikil lindasvæði. Miklilækur og Bjarnalækirnir báðir, hreinar lindár sem koma upp í mjög stórum og vatnsmiklum uppsprettum. Er þetta mjög greinilegt í Bjarnarlækjarbotnum undir Flóamannaöldu. Norðurleit, nær Þjórsá er vel gróin og votlendi talsverð aðallega í Loðnaveri. Rústir eru bæði í Kjálkaveri og Loðnaveri. Kjálkaversfoss í Þjórsá er í Norðurleit. Enn má finna hleðslur af fornum gæsaréttum á þessu svæði. Dalsá er falleg bergvatnsá og fellur í litlum fossum á leið sinni út í Þjórsá og er sérkennilegt fyrirbæri í henni sem nefnist Hlaupið. Þar fellur áin í mjög þröngu gljúfri og fyllir það á barma. Hafa menn stokkið þar yfir.

Fyrir framan (sunnan) Dalsá eru nokkar litlar ár sem falla í háum slæðufossum niður að Þjórsá. Þessar þverár ásamt Þjórsá mynda tvo merkilegir tanga, Ófærutanga og Geldingatanga þar sem fléttast saman hrikaleiki, fossar, gróska og fegurð.

Framar er Gljúfurleit, þar sem samspil gróðurs og landslags er mjög áhugavert og sérstakt. Gljúfurleit er dalkinn með Þjórsá, mjög vel gróin, stöllótt með skjólsælum hvömmum, berjalautum og blómabrekkum.

Í Gljúfurleit er Gljúfurleitarfoss, formfagur, þar sem Þjórsá fellur í einu lagi af 28 m háum stalli og telst því með stórfossum landsins.

Nokkru innar er fossinn Dynkur, 38 m hár þar sem Þjórsá fellur fram af mörgum stöllum og myndar eitt fossakerfi. Eru þar fögur form sem mestu skipta.

Búið er að rýra mikilfengleika fossa í Þjórsá með Kvíslaveitum 1-5.

Greinargóða lýsingu á landi þessu er að finna í Árbók Ferðafélsgs Íslands 1996, Ofan Hreppafjalla bls.124-162 (Ágúst Guðmundsson 1996)

### **Aðalskipulag Gnúpverjahrepps**

Vinna við aðalskipulag Gnúpverjahrepps og þar með Gnúpverjaafréttar er hafin og verður þá endanleg mótuð stefna um landnotkun á afréttinum. Ljóst er að meirihluti hreppsnefndar og mikill meirihluti hreppsþúa telja að verndunarsjónarmið eigi að ríkja á Gnúpverjaafrétti

### **Áhugahópur um verndun Þjórsárvera**